

AUGLÝSING

um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, heilbrigðisritarar.

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytta útgáfu af brautarlýsingum skv. gildandi aðalnámskrá framhaldsskóla, sem birt var með auglýsingu nr. 661/2004. Ný brautarlýsing aðalnámskrár framhaldsskóla skv. auglýsingu þessari kemur í stað texta á bls. 1665 í B-deild Stjórnartíðinda 2004 í brautarlýsingum heilbrigðis- og félagsgreina, hjúkrunar- og móttökuritarar (HM).

2. gr.

Ný brautarlýsing er sem hér segir:

Námsbraut fyrir heilbrigðisritara (HM)

80 ein.

Meginmarkmið námsins er að gera nemendum kleift að takast á við þau viðfangsefni sem heilbrigðisritarar inna af hendi við móttöku sjúklinga, skráningu gagna, gjaldkerastörf og almenn skrifstofustörf. Meðalnámstími er tvö og hálf ár, fjögurra anna nám í skóla, samtals 68 einingar og vinnustaðanám á heilbrigðisstofnunum og/eða fyrirtækjum í heilbrigðisþjónustu sem metið er til 12 eininga.

Almennar greinar

23 ein.

Erlend mál	DAN 102 ENS 102 + 4	8 ein.
Íslenska	ÍSL 102 202	4 ein.
Íþróttir	ÍÞR 101 111 201 211	4 ein.
Lífsleikni	LKN 103/101 111 121	3 ein.
Stærðfræði	STÆ 172 + 2 ein.	4 ein.

Almennar heilbrigðisgreinar

20 ein.

Heilbrigðisfræði	HBF 103	3 ein.
Líkamsbeiting	LÍB 101	1 ein.
Samskipti	SAS 103	3 ein.
Sálfræði	SÁL 123 223	6 ein.
Siðfræði	SIÐ 102	2 ein.
Skyndihjálp	SKY 101	1 ein.
Viðbrögð við áföllum og sorg	VÁS 102	2 ein.
Vinnan og vinnumarkaður	VIN 101	1 ein.
Umsjón og öryggi	UMÖ 101	1 ein.

Sérgreinar brautar		25 ein.
Fagmál og upplýsingaleit	FUL 103	3 ein.
Líffæra-, lífeðlis- og sjúkdómafræði	LOS 103 203	6 ein.
Lyfjafræði	LYF 112	2 ein.
Skjalastjórnun	SKL 101	1 ein.
Starfsumhverfi heilbrigðisstofnana	STA 103	3 ein.
Upplýsingatækni á heilbrigðisstofnunum	UTH 103 203	6 ein.
Verkefnastjórnun/gæðastjórnun	VEK 102	2 ein.
Þjónustuhlutverk	ÞJH 102	2 ein.
Vinnustaðanám		12 ein.
Verknám	VHR 103 203	6 ein.
Starfsþjálfun	SHR 103 203	6 ein.

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 9. júní 2008.***Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.**

Guðmundur Árnason.